

SoGreen, kt. 450321-0870, Grundarstíg 9, 101 Reykjavík, (hér eftir nefnt *SoGreen*) og Sýn hf., kt. 470905-1740, Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík (hér eftir nefnt *Sýn* eða *kaupandi*) gera með sér svofelldan

# SAMNING

## um kaup á kolefniseiningum

### 1. Samningslýsing

Samningur þessi felur í sér skuldbindingu Sýnar til að kaupa 65 kolefniseiningar af SoGreen. Með undirritun á samningi þessum fellur niður samningur, dags. 14. febrúar 2024, um kaup á 50 kolefniseiningum af SoGreen.

Kolefniseiningarnar framleiðir SoGreen með fimm ára verkefni í samstarfi við hjálparsamtökin [FAWE](#) og [ZOCS](#) í Sambíu. Verkefnið felur í sér að tryggja allt að 200 stúlkum fulla fimm ára gagnfræðaskólamenntun. Reiknilíkan SoGreen magngreinir þá forðun í losun CO<sub>2</sub>e sem verkefnið orsakar. Fyrir hvert forðað tonn af CO<sub>2</sub>e framleiðir SoGreen eina kolefniseiningu.

SoGreen mun veita árlega skýrslugjöf yfir verkefnistímann um framgang verkefnisins á vettvangi, áætlaðan loftslagsávinning í tonnum CO<sub>2</sub>e sem og framgang hvað varðar heimsmarkmiðin og eflingu mannréttinda. Kaupanda er heimilt að birta efni skýrslna SoGreen í eigin skýrslum sem og á vefmiðlum sínum. Á síðari stigum verkefnisins mun SoGreen deila sögum af vettvangi ásamt myndefni.

SoGreen vinnur að umsókn um skráningu óvirkra kolefniseininga verkefnisins í loftslagsskrá *International Carbon Registry*, ICR sem og að nauðsynlegri skjölun, ferlagerð og eftirlitsáætlunum til þess að undirbúa umsókn um vottun skv. kröfum ICR sem byggja á ÍST TS 92:2022.

### 2. Þóknun

Umsamið kaupverð fyrir hverja kolefniseiningu er USD 49 (fjörtíuogníu). SoGreen sendir reikning á kaupanda fyrir heildarupphæðinni, USD 3.185 fyrir 65 kolefniseiningar í mars 2024.

### 3. Lög og varnarþing

Samningur þessi skal að öllu leyti fara eftir íslenskum lögum. Rísi ágreiningur vegna samnings þessa eða um efni hans sem ekki reynast unnt að leysa úr á milli aðila skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 4. Annað

Samningur þessi er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Samningur um kaup á vottuðum kolefnisbindingum í bið  
Viðauki

**Seljandi:** Yggdrasill Carbon ehf., kt. 480620-2080, í skjali þessu nefnt YGG eða seljandi.

**Kaupandi:** Sýn hf, kt. 470905-1740 í skjali þessu nefnt kaupandi.

**Hið selda:**

Um er að ræða 50 vottaðar kolefniseiningar úr verkefninu Arnaldsstaðir.

Samningur þessi er viðauki við samning sem undirritaður var þann 22.1.2024 og að öðru leyti vísast í þann samning.

**Um einingar í bið, eðli þeirra og hvenær þær raungerast:**

Kaupanda er ljóst að einingar í bið verða ekki nýttar til kolefnisjöfnunar fyrr en þær hafa raungerst, þ.e. þegar staðfest hefur verið af vottunaraðila að raunveruleg kolefnisbinding hefur átt sér stað. Áætlun um það hvenær hinar seldu einingar raungerist er svofelld:

Árið 2032 = 3

Árið 2037 = 5

Árið 2042 = 8

Árið 2047 = 10

Árið 2052 = 9

Árið 2057 = 6

Árið 2062 = 4

Árið 2067 = 3

Árið 2072 = 2

**Kaupverð og greiðslufyrirkomulag:**

Kaupverð er kr. 375.000 kr., auk vsk., (465.000 kr. m/vsk) eða sem samsvarar kr. 7.500 auk vsk. fyrir hverja einingu (9.300 kr. m/vsk). Greitt skal fyrir einingarnar innan tveggja vikna frá undirritun samnings þessa.

SoGreen, kt. 43824767, Bergthorasgade 6, 2300 Kaupmannahöfn, (hér eftir nefnt *SoGreen*) og Sýn hf., kt. 470905-1740, Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík (hér eftir nefnt Sýn eða *kaupandi*) gera með sér svofelldan

## SAMNING um kaup á kolefniseiningum

### 1. Samningslýsing

Samningur þessi felur í sér skuldbindingu Sýnar til að kaupa 100 kolefniseiningar af SoGreen.

Kolefniseiningarnar framleiðir SoGreen með fimm ára verkefni í samstarfi við hjálparsamtökin [FAWE](#) og [ZOCS](#) í Sambíu. Verkefnið felur í sér að tryggja allt að 200 stúlkum fulla fimm ára gagnfræðaskólamenntun. Reiknilíkan SoGreen magngreinir þá forðun í losun CO<sub>2</sub>e sem verkefnið orsakar. Fyrir hvert forðað tonn af CO<sub>2</sub>e framleiðir SoGreen eina kolefniseiningu.

SoGreen mun veita árlega skýrslugjöf yfir verkefnistímann um framgang verkefnisins á vettvangi, áætlaðan loftslagsávinning í tonnum CO<sub>2</sub>e sem og framgang hvað varðar heimsmarkmiðin og eflingu mannréttinda. Kaupanda er heimilt að birta efni skýrslna SoGreen í eigin skýrslum sem og á vefmiðlum sínum. Á síðari stigum verkefnisins mun SoGreen deila sögum af vettvangi ásamt myndefni.

SoGreen vinnur að umsókn um skráningu óvirkra kolefniseininga verkefnisins í loftslagsskrá *International Carbon Registry*, ICR sem og að nauðsynlegri skjölun, ferlagarð og eftirlitsáætlunum til þess að undirbúa umsókn um vottun skv. kröfum ICR sem byggja á ÍST TS 92:2022.

### 2. Þóknun

Umsamið kaupverð fyrir hverja kolefniseiningu er USD 49 (fjörtíuognú). SoGreen sendir reikning á kaupanda fyrir heildarupphæðinni, USD 4.900 fyrir 100 kolefniseiningar í desember 2023.

### 3. Lög og varnarþing

Samningur þessi skal að öllu leyti fara eftir íslenskum lögum. Rísi ágreiningur vegna samnings þessa eða um efni hans sem ekki reynast unnt að leysa úr á milli aðila skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 4. Annað

Samningur þessi er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Staður og dagsetning

Staður og dagsetning

F.h. SoGreen

F.h. Sýnar hf.

Guðný Nielsen

Kristín Friðgeirsdóttir

## Samningur um kaup á vottuðum kolefnisbindingum í bið

**Seljandi:** Yggdrasill Carbon ehf., kt. 480620-2080, í skjali þessu nefnt YGG eða seljandi.

**Kaupandi:** Sýn hf., kt. 470905-1740 í skjali þessu nefnt kaupandi.

### **Hið selda:**

Um er að ræða 100 vottaðar kolefniseiningar úr verkefninu Arnaldsstaðir.

Í samningi þessum er kolefniseining raunveruleg, mælanleg, varanleg, aukaleg, staðfest og einstök framseljanleg vara, sem skráð er í miðlægri skrá sem samsvarar einu bundnu tonni af CO2 ígildi.

Nánar tiltekið er um að ræða kolefniseiningar einkenndar með auðkennisnúmerunum. Kolefniseiningarnar eru vottaðar samkvæmt Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar, sjá [www.skogarkolefni.is](http://www.skogarkolefni.is).

Ofangreint verkefni hefur fengið frumvottun sem unnin var af vottunarstofunni iCert ehf., kt. 651018-0210 og hafa kolefniseiningarnar verið skráðar hjá International Carbon Registry, sjá <https://carbonregistry.com/projects/>.

Seljandi ábyrgist að verkefnið fullnægir skilyrðum tækniforskriftar Staðlaráðs Íslands, ÍST TS 92:2022: Kolefnisjöfnun: Kröfur með leiðbeiningum.

Kaupandi skuldbindur sig til að fylgja þeim kröfum sem koma fram í *ÍST TS 92:2022 (Kolefnisjöfnun: Kröfur með leiðbeiningum)* hvað við kemur kolefniseiningum keyptum af seljanda.

### **Afhending:**

Hinar seldu einingar skulu afhentar þegar eftir að kaupverð hefur verið greitt. Kaupandi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að unnt sé að færa einingarnar yfir á reikning í nafni kaupanda. Þar til það hefur verið gert skuldbindur seljandi sig til að halda einingum kaupanda aðskildum frá öðrum einingum.

Seljandi skuldbindur sig til þess að afhenda sambærilegar raungerðar vottaðar einingar (e. matured) ef að tjón verður á verkefni Arnaldsstaða þess efnis að ekki er hægt að afhenda raungerðar einingar úr því verkefni.

### **Kaupverð og greiðslufyrirkomulag:**

Kaupverð er kr. 750.000 kr., auk vsk., (930.000 kr. m/vsk) eða sem samsvarar kr. 7.500 auk vsk. fyrir hverja einingu (9.300 kr. m/vsk). Greitt skal fyrir einingarnar innan tveggja vikna frá undirritun samnings þessa.

### **Um einingar í bið, eðli þeirra og hvenær þær raungerast:**

Kaupanda er ljóst að einingar í bið verða ekki nýttar til kolefnisjöfnunar fyrr en þær hafa raungerst, þ.e. þegar staðfest hefur verið af vottunaraðila að raunveruleg kolefnisbinding hefur átt sér stað. Áætlun um það hvenær hinar seldu einingar raungerist er svofelld:

Árið 2032 = 5  
Árið 2037 = 10  
Árið 2042 = 17  
Árið 2047 = 20  
Árið 2052 = 17  
Árið 2057 = 12  
Árið 2062 = 8  
Árið 2067 = 6  
Árið 2072 = 4

Við gerð samnings þessa liggur fyrir að engar íslenskar vottaðar kolefniseiningar sem hafa raungerst eru til. Þá liggur fyrir við gerð samnings þessa að verkefni seljanda er fyrsta íslenska vottaða verkefnið sem fær útgefnar einingar í bið.

Skuldbindur kaupandi sig til að fylgja þeim kröfum sem koma fram í ÍST TS 92:2002 (Kolefnisjöfnun: Kröfur með leiðbeiningum). Til að standa vörð um trúverðugleika vottaðra kolefniseininga, komast hjá grænþvotti, tvísölu, tvítalningu og öðrum þeim atriðum sem þar koma fram. Sérstaklega skuldbindur kaupandi sig til að gera greinarmun á annars vegar raungerðum vottuðum kolefniseiningum (matured) og vottuðum kolefniseiningum í bið og hins vegar að gera skýran greinarmun á verkefnum eins og því sem ofangreindar einingar í bið eru úr, sem hlotið hafa vottun og verið skráðar/gefnar út og verkefnum þar sem engin vottun liggur fyrir og ekki hafa verið gefnar út einingar með sérstakri kennitölu.

### **Önnur ákvæði**

Ef eitthvað ákvæði þessa samnings (eða hluti úr því ákvæði) er eða verður ógilt, ólöglegt, eða ekki hægt að framfylgja því samkvæmt efni sínu skal litið svo á að því hafi verið breytt að því marki sem nauðsynlegt er til þess að það teljist gilt, löglegt og hægt að framfylgja því samkvæmt efni sínu.

Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Hver aðili um sig skal bera sinn kostnað í tengslum við gerð samnings þessa.

\*\*\*

Til staðfestu framan rituðu undirrita fulltrúar kaupanda og seljanda undir samning þennan.